

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2016

2018/EES/56/08

frá 2. desember 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1095 frá 6. júlí 2016 um leyfi fyrir sinkasetatdihýdrati, vatnsfríu sinkklóríði, sinkoxíði, sinksúlfatheptahýdrati, sinksúlfatmónóhýdrati, vötnuðu sinkklósambandi amínósýra, sinkklósambandi vatnsrofsmyndefna prótína, sinkklósambandi glýsínhýdrats (fast efni) og sinkklósambandi glýsínhýdrats (fljótandi) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003, (EB) nr. 479/2006, (ESB) nr. 335/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 991/2012 og (ESB) nr. 636/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarkvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003):
„– **32016 R 1095**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1095 frá 6. júlí 2016 (Stjtið. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 7).“
2. Eftirfarandi er bætt við liði 1zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006), 1zzzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 335/2010), 60 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 991/2012) og 94 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2013):
„, eins og henni var breytt með:
– **32016 R 1095**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1095 frá 6. júlí 2016 (Stjtið. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 7).“
3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 172. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1007):
„173. **32016 R 1095**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1095 frá 6. júlí 2016 um leyfi fyrir sinkasetatdihýdrati, vatnsfríu sinkklóríði, sinkoxíði, sinksúlfatheptahýdrati, sinksúlfatmónóhýdrati, vötnuðu sinkklósambandi amínósýra, sinkklósambandi

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 7.7.2009, bls. 7.

vatnsrofsmyndefna prótína, sinkklósambandi glýsínhýdrats (fast efni) og sinkklósambandi glýsínhýdrats (fljótandi) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003, (EB) nr. 479/2006, (ESB) nr. 335/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 991/2012 og (ESB) nr. 636/2013 (Stjtið. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1095, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.